

Þýtt úr ensku:

Hr. Davíð Oddsson  
forsætisráðherra  
Stjórnarráðshúsinu  
150 Reykjavík  
Ísland

Ágæti forsætisráðherra.

### Íslensk flugumferðarstjórn

Mér þykir miður að þurfa að skrifa yður í annað sinn á þessu ári til þess að vekja athygli á aðgerðum íslenskra stjórnvalda sem eru skýlaust brot á grundvallarrétti um félagafrelsi eins og hann er skilgreindur í samþykktum Alþjóðavinnunálastofnunarinnar, ILO. Við erum nú að undirbúa formlega kvörtun til ILO nefndarinnar um félagafrelsi varðandi inngríp stjórnvalda í lögmætt ver�fall íslenskra sjómanna. Félag íslenskra flugumferðarstjóra hefur nú tjáð okkur að ríkisstjórn yðar hafi hótað inngrípi með því að neita þeim um grundvallarréttin til ver�falls.

Þótt svona árásir á grundvallarréttindi séu algengar í ríkjum með takmarkaða lýðræðishefð, finnst okkur með ólíkindum að á Íslandi, þar sem elsta þing í heimi situr, skuli slíkum aðferðum beitt. Ekki þarf að taka fram að ITF leggur ríka áherslu á nauðsyn þess að tryggja öryggi í flugmálum, sérstaklega í ljósi atburðanna þ. 11. september sl. Við erum fulltrúar hundruð þúsunda flugmálastarfsmanna um allan heim, sem margir eiga líf sitt undir virku öryggi í flugmálum. Hins vegar má ekki nota þessa atburði sem tilefni til þess að svipta flugmálastarfsmenn, þ.m.t. flugumferðarstjóra, grundvallarrétti sínum.

Félag íslenskra flugumferðarstjóra hefur upplýst okkur að fulltrúar stjórnvalda hafi hótað að ógilda ver�fallsrétt allra flugumferðarstjóra og krafist þess að þeir samþykki einnig afnám samningsréttar síns.

Ákvæði um lágmarksþjónustu flugumferðarstjóra eru að sjálfsögðu mikilvæg. Okkur hefur verið tjáð að íslenskir dómstólar hafi komist að þeirri niðurstöðu árið 1998 að meirihluti íslenskra flugumferðarstjóra eigi að hafa ver�fallsrétt.

Flugumferðarstjórar á Íslandi hafa áhyggjur af því að stjórvöld hrinda ekki í framkvæmd tillögum Réttarstöðumefndar frá árinu 1997. Tillögurnar í skýrslu nefndarinnar eru skynsamlegar og njóta stuðnings ráðuneyta samgöngumála, utanríkismála og fjármála, sem og Flugmálastjórnar. Jafnframt valda hótanir um sviptingu ver�fallsréttar okkur verulegum áhyggjum, en slíkt myndi grafa undan möguleikum flugumferðarstjóra til að semja um starfskjör sin. Jafnframt væri slík aðgerð skýrt brot á skuldbindingum Íslands skv. ILO samþykktum nr. 87 og 98 og ITF mun ekki hika við að vísa þessu máli einnig til ILO nefndarinnar um félagafrelsi.

Það er von okkar að hafi stjórvöld lært eitthvað af þeim hörmulegu atburðum sem átt hafa sér stað í flugmálum á undanförnum mánuðum þá sé það ekki síst þörfin á því að virkja þann kraft og staðfestu sem býr í flugmálastarfsmönnum og að þau komi fram við starfsmenn í greininni sem sérfraðinga í öryggismálum og líti á þá sem mannað frekar en ábættuþátt í enduruppbyggingu traustra flugmála. Við vonum að ríkisstjórn yðar geri sér grein fyrir því að samstarf vinnuveitenda og starfsmanna hefur aldrei verið eins mikilvægt og nú, og að við getum öll litið fram á við og tekist á við þau verkefni sem framundan eru. Framkvæmd tillagnahna í skýrslunni frá 1997 og fortakslaus afturköllun hótana um sviptingu ver�fallsréttar og krafna um afnám samningsréttar væri jákvæður vitnisburður um getu okkar til þess að starfa saman.

Virðingarfyllst,

David Cockroft  
framkvæmdastjóri